

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

780. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 18. febrúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf UMFÍ.
2. Aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár.
3. Skýrsla eftirlitsmanns með lausagöngu búfjár fyrir árið 2012.
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
5. Lagning hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri.
6. Ráðningarferill vegna umsókna um starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Afgreiðslur:

1. Til kynningar lögð fram bréf UMFÍ þar tilkynnt er að auglýst hefur verið eftir umsóknum frá sambandsaðilum til að halda 5. Landsmót UMFÍ 50+ árið 2015, 19. Unglingalandsmót UMFÍ árið 2016, 28. Landsmót UMFÍ árið 2017 og 29. Landsmót UMFÍ árið 2021. Bréfin eru send sveitarstjórnnum til kynningar þar sem sambandsaðilar UMFÍ þurfa samþykki þess sveitarfélags þar sem umrædd mót eru haldin.
2. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalsár. Fundurinn verður haldinn í Félagsheimilinu Víðihlíð föstudaginn 22. febrúar nk. kl. 20:00. Samþykkt að Stefán Böðvarsson verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
3. Skýrsla eftirlitsmanns með lausagöngu búfjár fyrir árið 2012 lögð fram til kynningar.
4. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Arinbjörns Jóhannssonar f.h. Brekkulækjar ehf., kt. 531006-3800 til að reka gististað í flokki V, að Brekkulæk í Miðfirði í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falin afgreiðsla erindisins í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðstjóra.
5. Farið yfir atriði sem varða mögulega lagningu hitaveitu frá Ósi að Gauksmýri. Forstöðumanni tæknideildar falið að afla frekari upplýsinga um tiltekin atriði frá öðrum veitusvæðum.
6. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra, einum fulltrúa meirihluta og einum fulltrúa minnihluta að fara yfir umsóknir um stöðu sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:46

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.